

Skólanámskrá Reykhólaskóla

leik-, grunn- og tónlistardeild



Efnisyfirlit

Skólanámskrá Reykhólaskóla	3
Ágrip af sögu skólans	3
Skólahúsnæði.....	4
Skólalóð	4
Hlutverk	4
Sýn og stefna.....	5
Gildi skólastefnu Reykhólahrepps.....	5
Einkunnarorð skólans	5
Kennslufræðileg stefna.....	6
Upplýsingatækni	6
Útivist og hreyfing	6
Útinám.....	6
Tengsl við nærsamfélagið og staðartengd menntun	7
Skólaferðalög og vettvangsferðir	7
Skipulag og inntak náms og kennslu	9
Grunnpættir menntunar	9
Leikur og nám byggt á grunnpáttum	9
Tilhögun kennslu á grunnskólastigi.....	9
Viðmiðunarstundaskrá.....	10
Námsmat grunnskóla og vitnisburður.....	11
Tónlistardeild	11
Hólabær leikskóli.....	11
Námsvísir leikskóla.....	12
Mat á leikskólastarfi	12
Mat á stöðu barna.....	12
Upphaf leikskólagöngu og aðlögun.....	13
Dagskipulag Hólabæjar	13
Mat á árangri og gæðum - umbætur í skólastarfi.....	13
Innra mat	13
Ytra mat.....	14
Samskipti heimilis og skóla	14
Heimanám	15
Foreldrasamtöl á Hólabæ	15
Mentor og Karellen	16
Samstarf skólastiga og við aðrar menntastofnanir	16
Stefnur og áætlanir.....	17
Tómstundastarf	17

Skólanámskrá Reykhólaskóla

Hver skóli skal birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegum starfsáætlunum skólans:

- Starfsáætlun grunnskóladeildar er að finna [hér](#) á heimasíðu skólans.
- Starfsáætlun leikskóladeildar er finna [hér](#) á heimasíðu skólans.

Skólanámskráin gerir grein fyrir því hvernig skólinn útfærir leik, nám og kennslu samkvæmt því svigrúmi sem lög, reglugerðir, aðalnámskrár og [skólastefna Reykhólahrepps](#) segja til um auk sérstöðu skólans. Ákvæði um skólanámskrá er í leik- og grunnskóalögum og aðalnámskrám leik og grunnskóla. Námskráin er yfirfarin í ágúst ár hvert en endurskoðuð a.m.k. á 5 ára fresti, næst 2029. Skólanámskrá er lögð fyrir til samþykktar í skólaráði skólans og Mennta- og menningarmálanefnd.

Ágrip af sögu skólans

Fyrstu heimildir um skólahald í Reykhólahreppi eru frá 1909 en þá var þar starfræktur farskóli. Það var þó ekki án vandræða því bæði ráðamenn og stór hluti íbúa hafði lítinn áhuga á að halda starfinu uppi. Haustið 1922 hófst barátta fyrir skóla á Reykhólum. Ungmennafélag Norður-Breiðfirðinga reisti sundlaug 1943-1950 ásamt sundlaugarhúsnæði á tveimur hæðum og gaf Reykhólahreppi. Á þeim tíma varð meiri krafa um skóla á svæðinu og ákveðið var að Gufudals-, Reykhóla- og Geiradalshreppur yrði eitt skólahverfi og stæðu að rekstri skólans. Á Stað var á þessum tíma rekinn unglingaskóli.

Fyrstu 10 ár eftir stofnun heimavistarskólans Reykhólaskóla var hann staðsettur í sundlaugarhúsnæðinu. Mikil áhersla var frá upphafi á sundkennslu enda hún talin mikilvæg fyrir fólk sem bjó við Breiðafjörð. Skólastjórinn hafði þá 10m² herbergi fyrir sig og fjölskyldu sína. Ný bygging var tekin í notkun árið 1959 en í henni voru heimavist og lítil námsrými og fluttist skólinn úr sundlaugarhúsnæðinu. Á þeim tíma voru margir á heimavist en frá nokkrum bæjum í nágrenninu gengu börn í skólann. Árið 1972 var enn önnur bygging tekin í notkun með tengingu á milli húsa. Þá var komið pláss fyrir bókasafn, heimavist, borðstofu, setustofu, sturtuklefa, skólastofu og ýmislegt fleira. Árið 1976 var byggt enn meira við. Það tókst ekki að klára þá viðbyggingu áður en hún brann. Byggingin var kláruð og tekin í notkun árið 1979. Eftir þetta fjölgaði jafnt og þétt í þorpinu og færri voru á heimavist. Heimavistin var á endanum lögð niður í kringum 1990. Allt húsnæðið er notað undir skólahald í dag auk þess að byggt var íþróttahús og tekið í notkun 2006.

Árið 2012 var Reykhólaskóli og Leikskólinn Hólabær sameinaðir með formlegum hætti og er skólinn rekinn í dag sem slíkur auk þess sem tónlistardeild er við skólann frá árinu 2017. Frá sameiningu hefur skólinn þróast og tekið ýmsum breytingum hvort heldur sem er á stjórnun eða skipulagi. Leik- og námsumhverfið hefur þróast og verið bætt. Stöðugt er unnið að því að auka gæði skólastarfsins og búa nemendum og starfsfólki aðstæður fyrir skapandi skólastarf.

Skólahúsnæði

Skólahúsnæði Reykhólaskóla er í fermetrum talið nokkuð stórt. Í þeim hluta sem hýsir grunnskólann er kennsluálma fyrir yngsta stig, miðstig og efsta stig í aðalbyggingu hússins ásamt list-, verkgreina- og smíðastofu, bókasafni, fundarherbergi og starfsaðstöðu starfsmanna. Á miðhæð gamla skólans er matsalur Reykhólaskóla og á heimavistinni er vinnuherbergi nemendapjónustunar og skólasel. Í kjallara gamla skólans er tónlistarstofa og búningsherbergi fyrir íþróttakennslu. Þaðan er innangengt í íþróttasal Reykhólahrepps, auk þess sem heimilisfræðistofan er í tengibyggingu íþróttahúss og gamla skólans. Innangengt er í leikskóla deildina sem er í öðru húsi. Nokkuð er síðan að tengibygging var gerð á milli deildanna. Leikskólinn er á tveimur hæðum sem hefur að geyma nokkur kennslu- og leikrými ásamt geymslum. Á efri hæð leikskóla eru fjórar kennslustofur, sem skiptast í tvö vinnu og leik herbergi, eitt rými er hugsað fyrir hreyfingu og hvíld, annað sem nýtt er undir hlutverkaleiki, einingarkubba og sem dúkkukrókur. Einnig eru salerni, skiptiaðstaða og skrifstofa deildarstjóra á efri hæð. Á neðri hæð hússins er vagnageymsla í anddyri, listasmiðja, kaffistofa, salerni, vinnuherbergi og leikrými. Stórt og rúmgott anddyri tengir síðan saman þessar tvær hæðir, en nokkrar tröppur eru þaðan upp á efri hæð og nokkrar niður á neðri hæð. Skiptiborð og aðstaða fyrir yngri og eldri leikskólabörn eru á báðum hæðum.

Skólalóð

Skólalóð Reykhólaskóla var tekin í gegn árið 2015. Á lóðinni er körfuróla, klifurgrind, þrautabraut, sparkvöllur og körfuboltakarfa. Fyrir framan skólann er stétt sem nemendur geta notað til ýmissa leikja. Fyrir framan skólann er aðstaða til að spila pókó og fara í aðra leiki. Leikskólalóð var endurbyggð árið 2022-2023. Í dag er leikskólalóðin vel hönnuð og skiptist nokkurn veginn í tvennt þar sem gert er ráð fyrir afgirtum leikvelli fyrir yngri börnin og eldri börn fá sitt rými. Á leikvellingum er gert ráð fyrir að börn geti hjólað, rennt sér á veturnar og spilað boltaleiki og aðra hópleiki.

Merki skólans

Merki Reykhólaskóla var hannað af nemendum Reykhólaskóla veturinn 2012.



Hlutverk

Hlutverk Reykhólaskóla í skipulagðri samvinnu við heimilin og samfélagið er að:

- Stuðla að vellíðan, alhliða þroska og heilbrigði nemenda.
- Veita nemendum tækifæri til alhliða menntunar, bæði hugar og handa.
- Efla gagnrýna hugsun nemenda, lífsgleði og jákvæða sjálfsmynd
- Undirbúa nemendur fyrir virka þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi með sjálfstraust og áráðni til að hafa áhrif á þróun samfélagsins.

Hlutverk Reykhólahrepps sem sveitarfélags er að móta skólastarf sem veitir öllum börnum jafnan rétt til góðrar menntunar við hæfi hvers og eins og efla áhuga og löngun þeirra til frekari menntunar og þroska.

Sýn og stefna

Skólinn byggir starfshætti sína á [skólastefnu Reykhólahrepps](#) og [Menntastefnu ríkisins til ársins 2030](#). Vorið 2024 var [Menntastefna Vestfjarða 2023-2040](#) gefin út og vinnur skólinn nú að því að innleiða áherslur hennar og fylgja stefnunni eftir í starfsemi skólans.

Gildi skólastefnu Reykhólahrepps

- VELLÍÐAN sem grunnur að árangri.
- SAMVINNA til að leysa flókin verkefni.
- KJARKUR til að gera stórkostlega hluti.

Einkunnarorð skólans

Einkunnarorð skólans eru **Vilji er vegur**. Þessi einkunnarorð lýsa því sem skólinn væntir af nemendum sínum, *að leggja sig fram, leggja metnað og alúð í öll verkefni sem þarf að leysa eru þeim allir vegir færir*.

Enn fremur leggjum við okkur fram um að:

- Bera virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu.
- Taka ábyrgð á því sem við gerum og segjum.
- Ástunda heiðarleg og réttlát samskipti, byggð á gagnkvæmu trausti.
- Ganga með gleði og jákvæðu hugarfari til leiks og starfs.
- Standa saman og vinna saman.
- Sýna umburðarlyndi og kærleika.
- Vera metnaðarfull, skipulögð og öguð í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur.
- Gæta trúnaðar í málefnum annarra.
- Hvetja öll til heilbrigðs lífennis.

Skólinn hefur það markmið að veita gæða menntun eins og hún gerist best á hverjum tíma, að vellíðan, jákvæðni, stuðningur og vingjarnleiki einkenni öll samskipti sem styrkja félagsfærni nemenda. Það er metnaðarmál Reykhólaskóla að skólastarfið skari fram úr og að samfélagið allt styðji við starfið með sýnilegum hætti. Allt kapp skal lagt á að koma til móts við þarfir nemenda á persónumiðaðan hátt með bóklegu og eða verklegu námi og náð til barna svo að þau geti skarað fram úr hvert á sínu sviði og öðlast hæfni til framtíðar. Tækni og nýsköpun sé eðlilegur og sjálfsagður þáttur af skólastarfinu og námsumhverfið er allt sveitarfélagið.

Stjórnendur og starfsfólk skólans leggja sig fram um að skapa jákvæðan skólabrag með það að markmiði að námsaðstæður til menntunar nemenda og almennrar velferðar þeirra séu sem bestar og m.a. stefnt að því að:

- Að öllum líði vel í skólanum.
- Að efla viljann og kjarkinn með hvatningu.

- Jákvæðni sé ávallt höfð að leiðarljósi.
- Að efla samvinnu og vellíðan.
- Að allir hafi þrautseigju, hugrekki og kjark til að láta drauma sína rætast og vinna saman að því að nemendur geri ávallt sitt besta og láti gott af sér leiða með verkum sínum.
- o Við höfum tækifæri til að gera það með fjölbreyttum kennsluháttum og metnaðarfullum starfsháttum með gæði í forgrunni. Þannig fái allir nám við hæfi.

Kennslufræðileg stefna

Í Reykhólaskóla er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, leiðsagnarnám og mat. Kennarar beita kennsluaðferðum sem stuðla að sjálfstæði nemenda, samræðu, samvinnu, gagnrýnni hugsun og skapandi vinnubrögðum.

Leiðsagnarnám byggir á því að markmið náms séu ávallt skýr nemendum frá upphafi og að þeir fái tækifæri til að læra betur það sem á að læra ef að þess þarf með góðri leiðsögn. Skólastarf sem einkennist af leiðsagnarnámi einkennist af stöðugri endurgjöf á því að nemendur séu á réttari leið að skýrum námsmarkmiðum og viðmiðum um árangur.

[Leiðsagnarmat](#) er áherslupáttur í Reykhólaskóla og á að birtast með skýrum hætti í starfsháttum skólans.

Upplýsingatækni

Kennarar og nemendur nota Google-umhverfið markvisst í kennslu og er lögð áhersla á að prófa sem flest sem þar er í boði. Nemendur á elsta stigi og miðstigi nota Chromebooks við nám sitt en á yngsta stigi hafa nemendur aðgengi að Ipad spjaldtölvum. Nám nemenda fer að hluta til fram á netinu.

Útivist og hreyfing

Reykhólaskóli leggur áherslu á heilbrigðan lífsstíl, útivist og hreyfingu. Nemendur fara í útifríminútur alla sína skólagöngu sem eru í 20 mínútur hvern skóladag allt skólaárið. Nemendur fara í vettvangsferðir og til margra ára hefur hver bekkur fengið tvær kennslustundir á viku í útikennslu. Skólaárið 2025-2026 er útinám nýtt sem aðferð en ekki fag í töflu þar sem útinám er markvisst nýtt í ýmsum námsgreinum. Skólinn tekur þátt í áttakinu göngum í skólann og tekur þátt í þeim viðburðum sem hvatt er til þar. Íþróttakennsla fer fram úti á hausti og vori. Haustferð skólans og skólaferðalög að vori byggja allar á útivist og hreyfingu. Nemendur grunnskólans taka þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ, nemendur 5. - 7. bekkja taka þátt í miðstigsleikum í Borgarnesi og 8. - 10. bekkur tekur þátt í Íþróttahátíð Bolungarvíkur. Þá fara nemendur í skólabúðir með samstarfsskólum Vesturlands í 7. og 9. bekk þar sem lögð er m.a. áhersla á félagsfærni, heilbrigðan lífsstíl, útivist og hreyfingu.

Útinám

Útinám og kennsla í Reykhólaskóla fer fram í nærumhverfi skólans og á Reykhólum. Útinám snýst um upplifun, sköpun og skynjun í umhverfinu. Með útinámi opnast mörg ný tækifæri til

náms sem veita nemendum líkamlega og skynræna upplifun. Áhersla er lögð á reynsluna sem byggist á þeirri almennu forsendu að nemandinn læri best með því að takast sjálfur á við verkefnið. Útinám og kennsla er samþætt við aðrar námsgreinar með áherslu á hreyfingu, seiglu og samþættingu sérstaklega í samfélagsfræði og náttúrufræði. Markmiðið með útináminum er að skapa tengsl milli einstaklinga, náttúru og samfélags og að stuðla að alhliða þroska nemenda.

Tengsl við nærsamfélagið og staðartengd menntun

Reykholaskóli er umvafinn fallegu umhverfi og skólinn leggur áherslu á að nemendur og starfsfólk vinni náið með nærsamfélaginu í því skyni að auka m.a. námsáhuga og öðlast víðsýni. Mikilvægt er að nemendur séu í tengslum við umhverfi sitt með því að vera í náttúrunni, skynja hana og njóta. Með staðartengdri menntun sem kennsluaðferð er lögð áhersla á að nemendur skilji heiminn og umhverfi sitt í gegnum reynsluna en ekki einungis í gegnum bóknám, ásamt því að hvetja nemendur til að vera virkir þátttakendur í eigin samfélagi. Staðbundin menntun vísar til námsferils sem byggir á sögum sem eiga rætur að rekja til ákveðins staðar, einstökum sögulegum staðreyndum, umhverfi, menningu og hagkerfi. Nemendur fræðast um staðinn á staðnum sem er m.a. uppspretta sjálfsmyndar okkar og styrkleikinn liggur í að skapa tengsl milli fólks og staða.

Skólaferðalög og vettvangsferðir

Hólabær leikskóladeild

- Nemendur leikskóladeildar fara annað hvert ár ferð innan Reykhóla, hitt árið er haldin vorhátíð.
- Skólahópur leikskóla fer í dagsferð með yngsta stigi að vori.

Nemendur í 1.-4. bekk fara í dagsferð frá skólanum. Stundum gistir yngsta stigið ef þessu verður við komið en það fer eftir aðstæðum hverju sinni.

- 1. ár – farið í Strandabyggð (t.d. Þverárvirkjun, Galdrasafnið, Sauðfjársetrið, sund, fjara)
- 2. ár – farið í Barmahlíð (t.d. farið í skóginn, fjara, Seljanes, Gamla-Sel)
- 3. ár – farið í Dalina (t.d. Eiríksstaðir, MS Búðardal, sund á Laugum)
- 4. ár – farið inn að Skógum (t.d. góð gönguferð og grillað)

Nemendur í 5.-7. bekk gista eina nótt.

- 1. ár – Snæfellsnes (t.d. sigling, Eldfjallasafnið, Bjarnarhöfn, Helgafell, Djúpalónssandur, Eldborg)
- 2. ár – Suðurland (t.d. Gullfoss og Geysir, Draugasafnið, Veiðisafnið, kynnisferð hjá Kjörís)
- 3. ár – Borgarfjörðurinn (t.d. Landnámssetrið í Borgarnesi, Reykholt, Hraunfossar, Grábrók, Paradíslaut)

Nemendur í 8.-10. bekk gista í 2 nætur.

- 1. ár – Skíðaferð norður (t.d. skíði, bíóferð, sund, söfn)
- 2. ár – Ævintýraferð (t.d. farið í Skagafjörðinn í River rafting o.fl.)
- 3. ár – Danmörk (t.d. hafa nemendur heimsótt danska skóla eða farið í skemmtiferð í Kaupmannahöfn þar sem nemendur fá að upplifa ýmislegt í fyrsta sinn)

Haustferð

Nemendur Reykhólaskóla hafa farið síðastliðin 15 ár í haustferðalag. Lögð er áhersla að fara með hópinn innansveitar, þar sem nemendur fá að kynna heimabyggð enn frekar. Oft er blásið til ferðar með stuttum fyrirvara þar sem reynt er að sitja fyrir góðu veðri. Reynt er að velja staði þar aðgengi er auðvelt fyrir alla og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Starfsmenn hafa séð um að grilla pylsur ofan í mannskapinn. Á fjögurra ára fresti verður haustferð farið á einn af eftirfarandi stöðum innan sveitarfélagsins sem hafa að geyma áhugavert umhverfi og sögu en það eru Þorskafjörður, Króksfjarðarnes, Teigsskógur og Borgarland/Hafrafell.

1. ár	Þorskafjörður
2. ár	Króksfjarðarnes
3. ár	Teigsskógur
4. ár	Borgarland/Hafrafell

Miðstigsleikar í Borgarnesi

Miðstigsleikar eru haldnir fyrir 5. - 7. bekk í Borgarnesi um mánaðamótin ágúst/september. Þar keppa nemendur í samstarfsskólunum í frjálsum íþróttum og fótbolta.

Íþróttahátíð í Bolungarvík

Á haustönn er íþróttahátíð í Bolungarvík fyrir 8. - 10. bekki á Vestfjörðum. Misjafnt er hvort gist er eða farið fram og til baka. Þá er oftast gist í Grunnskóla Bolungarvíkur og tekið þátt í skólastarfi með nemendum af svæðinu og Menntaskólinn á Ísafirði skoðaður.

Smiðjuhelgar

Reykhólaskóli, Grunnskóli Borgarfjarðar (GB), og Auðarskóli eru í samstarfi með Smiðjuhelgar. GB hefur séð um skipulagningu á smiðjunum og jafnframt að útvega húsnæði fyrir smiðjurnar. Nemendur unglingadeildar koma með hugmyndir að áhugaverðum smiðjum og síðan er kappkostað við að allir fái eitthvað við sitt hæfi. Nemendur velja sér smiðju sem þeir vilja vera í. Lagt er af stað að hádegis á föstudegi og lýkur smiðjunum seinnipart á laugardegi. Smiðjuhelgar eru haldnar tvisvar sinnum á ári.

Skipulag og inntak náms og kennslu

Samkvæmt 2. grein laga um grunnskóla er hlutverk grunnskóla í samvinnu við heimilin, meðal annars að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Stuðla skal að víðsýni hjá nemendum, veita tækifæri til að nýta sköpunarkraft, efla sjálfstæða hugsun og frumkvæði.

Grunnpættir menntunar

Í aðalnámskrá eru sex grunnpættir menntunar sem eiga að endurspeglast í starfsháttum leik- og grunnskóla og vera þeirra leiðarljós. Þessir grunnpættir fléttast inn í allar greinar með einum eða öðrum hætti. Stefnan er að bjóða upp á heildstætt og samþætt nám sem grunnpættir og lykilhæfni stýra og stjórna.

Grunnpættirnir eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Leikur og nám byggt á grunnpáttum

Í Reykhólaskóla eru námsvísar fyrir leik- og grunnskóla sem vísa veginn hvernig skólinn útfærir markmið aðalnámskrár, leiðir að þeim og hvernig staðið er að mati. Námsvísarnir eru stóru steinarnir í starfi skólans og vísa þeir veginn og taka mið af á aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Í námsvísinum kemur fram hvernig grunnpættirnir leiða val á skipulagi og vali á námsþáttum. Í námsvísi kemur fram hvaða lykilhæfni er verið að leggja áherslu á, hvert viðfangsefnið er og hvaða kennsluáðferðum eigi að beita.

Námsvísir skólans tryggir að **grunnpættir menntunar** séu notaðir til að stýra náminu. Hér má kynna sér gildandi námsvísi skólans sem eru uppfærðir árlega.

- [Námsvísir 2025-2026](#)

Tilhögun kennslu á grunnskólastigi

Samkenndsla er við Reykhólaskóla. Skólinn skiptist í þrjá námshópa eftir stigum; 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Stundatöflur og aðrar upplýsingar um nemendur eru að finna í Mentor og eru aðgengilegar foreldrum og aðstandendum. Frekara skipulag náms og kennslu hvers skólaárs er að finna í [starfsáætlun](#) hvers skólaárs.

Skipulag náms birtist í þriggja ára námsvísi skólans sem má skoða hér: [Námsvísir 2025-2026](#). Námsvísinum er skipt upp í fjórar lotur með ólíkum þema og áherslum. Námsvísirinn eru stóru steinarnir í starfinu og vísa veginn um skipulag, markmið og mat. Kennarar grunnskólastigs útbúa kennsluáætlanir sem endurspeglar áherslur námsvísisins. Þannig

tryggja kennarar að útfærsla á aðalnámskrá byggir á þeim megináherslum sem þar birtast.

Mentor

Grunnskóladeild notar skólaumsjónarkerfi [Mentor](#) til að halda utan um námsskipulag, kennsluáætlanir, námsframvindu og skólasókn nemenda. Umsjónarkerfi Mentor er helsta samskiptaleið skólans við foreldra og forráðamenn þar sem tilkynningar og fréttir af skólastarfi eru birtar og þar er einnig að finna dagatal með viðburðum skólaársins. Ætlast er til að forráðamenn tilkynni forföll nemenda í Mentor og þar er hægt að bóka skráða viðtalstíma hjá kennurum og leiðbeinendum grunnskóladeilda.

Viðmiðunarstundaskrá

Tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla. Sveigjanleiki í stundaskránni veitir tækifæri til að brjóta upp skólastarfið og vinna að heildstæðum verkefnum með hverjum árgangi eða námshóp.

Námssgreinar – Námssvlið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Minútur á viku	Hlutfall
Íslenska, Íslenska sem annað tungumál og Íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

Í viðmiðunarstundaskrá (mynd hér að ofan) er gert ráð fyrir að einstakir skólar geti ráðstafað hluta þess lágmarkstíma sem lög kveða á um. Ætlast er til að skólar geri grein fyrir því í skólanámskrá hvernig þeir hyggjast verja þessum tíma. Heimilt er að nota hann til að auka kennslu í skyldunámssgreinum. Einnig má nýta hann til að ná staðbundnum markmiðum skólans eða til kennslu efnis sem ekki er í aðalnámskrá grunnskóla. Þó gert sé ráð fyrir að hlutfallslega fleiri tímar séu nýttir í valgreinar í 8., 9. og 10. bekk geta skólar breytt vægi valgreina og skyldunámssgreina á milli þessara ára.

Í Reykhólaskóla er tekið mið að viðmiðunarstundaskránni, en áherslur eru mismunandi á milli lota skv. námsvísi. Það getur verið meiri íslenska í einni lotu en minni í annarri. Stundatöflur nemenda geta tekið breytingum í hverri lotu. Það sama á við með list-og verkgreinar þar sem ólíkum áherslum er skipt upp á milli lota.

Námsmat grunnskóla og vitnisburður

Kennsla, nám og námsmat mynda eina heild. Námsmatið er hluti af náms- og kennsluferlinu og skipulagt sem mest í samræmi við námskrá, hæfniviðmið og viðfangsefni nemenda. Mikilvægt er að námsmatið sé fjölbreytt og gefi heildstæða mynd af hæfni nemandans. Námsmat þarf að vera sanngjarnt og gefa nemendum tækifæri til að sýna þekkingu, leikni og hæfni.

Námsmatsstefna skólans var endurskoðuð vorið 2025 þar sem unnið var eftir endurmati stefnunnar á skólaþingi sem haldið var vorið 2024. Frá hausti 2024 hefur skólaumsjónarkerfi Mentor verið nýtt til utanumhalds og upplýsingagjafar náms og kennslu. Hægt er að kynna sér endurskoðaða námsmatsstefnu hér: [Námsmatsstefna Reykhólaskóla 2025](#).

Tónlistardeild

Í Reykhólaskóla er starfsrækt tónlistardeild. Nemendur geta valið að vera í hálfu eða heilu tónlistarnámi og hafa kost á að stunda námið á skólatíma. Nemendur fara einu sinni til tvisvar á viku úr tíma til tónlistarkennara og stunda sitt nám samhliða öðru námi í grunnskólanum.

Tónlistarkennari er í góðu sambandi við foreldra og forráðamenn um námsframvindu nemenda. Nemendur eru hvattir til að koma fram með tónlistaratriði á fullveldishátíð og árshátíð skólans, einnig hvetur kennari nemendur að koma fram þegar tækifæri gefst.

Tónlistarkennari stýrir samsöng í Reykhólaskóla fyrir alla nemendur skólans.

Hólabær leikskóli

[Aðalnámskrá leikskóla](#), [lög um leikskóla](#), [Menntastefna Íslands til 2030](#) og [Skólastefna Reykhólahrepps](#) eru rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Skólinn hefur það hlutverk að veita menntun eins og hún gerist best á hverjum tíma. Hólabær starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn að skólaskyldualdri. Leikskóli skal annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi. Foreldrar, samkvæmt lögum, teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

Í aðalnámskrá (2011, bls. 31) segir: „Í leikskólum á velferð og hagar barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta.

Í Hólabæ er lögð áhersla á að vellíðan, jákvæðni, stuðningur og vingjarnleiki einkenni öll samskipti. Stefna Hólabæjar er að börnin læri í gegnum leikinn og eru virk og skapandi í námi sínu og starfi.

Námsvísir leikskóla

Námssvið leikskóla eru sett fram í Aðalnámskrá leikskóla 2011. Þau eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar sem eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Námssviðin byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólanum. Námssviðin eru fjögur:

1. Læsi og samskipti.
2. Heilbrigði og vellíðan.
3. Sjálfbærni og vísindi.
4. Sköpun og menning.

Hólabær hefur útfært helstu leiðir og mat fyrir hvert námssvið og leggur upp með að vinna að samþættum viðfangsefnum sem má skoða hér: [Námssvið Hólabær Heimasíða](#)

Leikskólinn hefur út frá námssviðunum útfært markmið aðalnámskrár sem birtast í **námsvísi** og sýnir hvernig skólinn leggur fram helstu leiðir, markmið og mat í starfi sínu. Námsvísirinn er leiðarvísir fyrir alla hópa leikskólans sem útfæra skólastarfið hverju sinni eftir samsetningu nemenda- og starfsmannahóps.

Starfinu er skipt upp í þemu eftir tímabilum sem kallast spannir. Eftir hverja spönn er ferlið metið og námsmat fer fram. Nánar um námsvísinn hér [Námsvísir 2025-2026](#) en námsmat er læst og aðeins birt viðeigandi.

Mat á leikskólastarfi

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla er markmið mats að auka þekkingu leikskólakennara, barna, annars starfsfólks og foreldra á færni, námi og líðan barna. Upplýsingar matsins eru notaðar til að styðja við nám og vellíðan barna við skipulagningu leikskólastarfsins í samstarfi við börn og foreldra. Mat á námi og líðan barna er bæði einstaklingsmiðað og hópamiðað. Einstaklingsmiðað mat byggir á styrkleikum og færni hvers barns með það að leiðarljósi að efla það og styrkja. Hópamiððuðu mati er ætlað að styrkja barnahóp eða stöðu einstakra barna í hópnum. Í Hólabæ fer námsmat fram eftir hverja spönn (þemalota) þar sem staða hvers nemanda sem og hópsins sem heild er metin og kynnt foreldrum.

Mat á stöðu barna

Deildarstjóri hefur í samvinnu við sérkennslu grunnskóla haldið utan um fyrirlögn skimana í leikskólanum. Próf eru lögð fyrir börn leikskólans og eru þau nýtt til að vinna með einstaka þætti til umbóta. Niðurstöður athuganna fylgja börnum á milli skóla eða skólastiga. Hér að neðan er yfirlit yfir helstu matstæki sem geta verið breytileg milli ára, gildandi matstæki eru ávallt í árlegri starfsáætlun sem má lesa [hér](#).

Upphaf leikskólagöngu og aðlögun

Um upphaf leikskólagöngu og aðlögun er hægt að skoða í [starfsáætlun leikskólans](https://holabaer.leikskolinn.is/starfsaetlun-leikskolans) og á heimasíðu hér: <https://holabaer.leikskolinn.is/Upplýsingar/Velkomin-i-skolann>

Dagskipulag Hólabæjar

Dagskipulag er hægt að skoða á heimasíðu hér:

<https://holabaer.leikskolinn.is/Daglegt-starf/Dagskipulag>

Mat á árangri og gæðum - umbætur í skólastarfi

Mati á skólastarfi er skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar og er unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrár leik- og grunnskóla. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun.

Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Í gildandi lögum um leik- og grunnskóla er að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla en jafnframt ber Menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að fram fari ytra mat á starfsemi einstakra skóla eða á einstökum þáttum skólastarfs og jafnframt að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Innra mat

Um mat á skólastarfi grunn- og leikskóla er kveðið á í lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um leikskóla nr. 90/2008). Samkvæmt lögum er matinu ætlað eftirfarandi hlutverk:

- Veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.
- Tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár skóla.
- Auka gæði náms og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu samkvæmt lögum.

Mat á skólastarfi í leik- og grunnskóla er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og kallast **innra mat**. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt **ytra mat**. Mat á skólastarfi á að leiða af sér aukin gæði skólastarfs og betri námsárangur. Það snýst fyrst og fremst um að bæta nám og velferð nemenda, námsárangur og námsaðstæður með markvissri skólaþróun og starfsþróun kennara og annarra starfsmanna. Tilgangur matsins er að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grundvöll umbóta. Það á við um nám og námsárangur, eflingu fagmennsku starfsfólks og yfirsýn skólasamfélagsins á gæðum og árangri starfsins.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks, nemenda og alls skólasamfélagsins um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð eiga að vera við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu til að stuðla að auknum gæðum í starfinu.

Viðfangsefni innra mats er í samræmi við stefnu og markmið skólans varðandi nám og kennslu, uppeldis- og menntastarf, stjórnun, skólabrag, innra mat og foreldrasamstarf og sérstaka viðburði skv. skóladagatali. Matsþættirnir eru metnir samkvæmt áætlun til fimm ára þar sem sumir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar. Við mat á hverjum áhersluþætti fyrir sig er stuðst við gæðaviðmið um leik- og grunnskólastarf og skólastefnu sveitarfélagsins.

Við skólann er starfandi matsteymi sem fylgir langtíma- og ársáætlun innra mats sem má kynna sér hér: [Langtímaáætlun og matsáætlun skólaársins innra mat 2022-2026](#) og tekur saman mat vetrarins í skýrslu um innra mat ásamt umbótaáætlun með áherslu á styrkleika og tækifæri til umbóta út frá gæðaviðmiðum um skólastarfið. Í [starfsáætlun matsteymis 2025-2026](#) má kynna sér frekar matsteymið og áætlanir þess.

Ytra mat

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla og ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra mati og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Ráðuneyti eða Menntamálastofnun í umboði þess annast greiningu og miðlun upplýsinga frá sveitarfélögum og með sjálfstæðri gagnaöflun. Ytra mat á starfi Reykhólaskóla fór síðast fram í [september 2018](#) og var umbótum lokið vor 2021. Skólinn vinnur stöðugt að því að tileinka sér þau gæðaviðmið sem metin eru í ytra mati á markvissan hátt í innra mati skólans sem má kynna sér hér:

[Langtímaáætlun og matsáætlun skólaársins innra mat 2022-2026](#)

Samskipti heimilis og skóla

Gott samstarf heimila og skóla er ein af forsendum góðs skólastarfs og stuðlar að ánægju og vellíðan nemenda. Til þess að samskipti verði góð og árangursrík þurfa allir starfsmenn skólans og foreldrar að leggja sitt af mörkum. Foreldrar og forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna. Skólinn aðstoðar þá í uppeldishlutverkinu og skapar menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni skólans og heimilanna. Öll þátttaka foreldra í skólastarfinu er mikilvæg. Má þar nefna virka þátttöku í foreldrafélagi og bekkjarstarfi. Ýmsir þættir í hinu daglega skólastarfi snúa beint að foreldrum og er ekki síður mikilvægt að þeir séu virkir þátttakendur í þeim hluta, t.d. með því að fylgjast með heimanámi barna sinna, mæta á fundi, s.s. námsefniskynningar og bekkjarkvöld og aðstoði í ferðum ef þarf. Rannsóknir benda

til þess að þegar foreldrar taka þátt í skólastarfi og hafi jákvæða afstöðu til skólans sé frammistaða nemenda betri, sjálfstraust meira og viðhorf nemendanna jákvæðara. Fjarvistir og brottfall úr skólum er minna, kennarar ánægðari, foreldrar skilningsríkari og andrúmsloftið í bekknum jákvæðara.

Markmið foreldrasamstarfs:

- að foreldrar og kennarar skiptist á upplýsingum um nám, líðan og hagi nemandans
- að skólinn finni að foreldrum er umhugað um menntun barnsins og barnið finni að foreldrarnir hafa áhuga á starfi þess
- að upplýsa foreldra um framfarir barnsins, vinnu þess og hlusta eftir viðhorfum þeirra
- að foreldrar fái tækifæri til að sjá barnið sitt vinna, kynna skólaverkefni og koma fram
- að skólinn geti útskýrt ákvarðanir sem snerta einstaka nemendur og hjálpað foreldrum að finna leiðir til að aðstoða börn sín

Nánar um samskipti og foreldrasamstarf hvers skólaárs má lesa í starfsáætlun grunnskólans á heimasíðu skólans hér: [Starfsáætlun 2025-2026](#).

Heimanám

Markmið með heimanámi nemenda í grunnskóladeild er að barnið þjálfist í sjálfsaga, að vinna sjálfstætt og að þjálfra mikilvæga námsþætti. Mikilvægt er að ýta undir jákvæð samskipti og skapa samræður um það sem börnin eru að gera á daginn. Góð og jákvæð samskipti foreldra og barna meðan á heimanáminu stendur hafa mikil áhrif á námsárangur. Einfaldasta leiðin fyrir foreldra til að fylgjast með er að setjast reglulega niður með barni sínu og aðstoða það við heimanámið.

Í byrjun skólagöngu er mikilvægast að hlusta á barnið lesa enda er góð færni í læsi undirstaða alls annars náms og því afar mikilvægt að þeirri þjálfun sé vel sinnt frá upphafi. Foreldri þarf ekki nauðsynlega að kunna námsefni vel til að aðstoða við heimanámið, það er hvatningin og áhuginn sem mestu máli skiptir.

Taka þarf mið af einstaklingsþörfum við skipulagningu heimanáms. Foreldrar geta óskað eftir auknu heimanámi og ef þeir eiga í vandræðum með að fá börn sín til að læra heima biðjum við þá að hafa samband við skólann og í sameiningu hjálpumst við að við að leysa málið farsællega.

Foreldrasamtöl á Hólabæ

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og einnig þegar barn byrjar á leikskólanum. Umsjón viðtala er í höndum deildarstjóra og starfsmanns í viðkomandi hóp. Ef foreldrar óska eftir viðtali á öðrum tímum eða oftár er það velkomið. Foreldraviðtöl fara jafnan fram í október og apríl.

Markmið funda er að kynna fyrir foreldrum helstu áhersluatriði í vetrarstarfinu, upplýsa þróun þroska með skimunum sem og hittast og virkja foreldrasamstarf.

Mentor og Karellen

Reykholaskóli nýtir þjónustu frá Mentor á grunnskólastigi eins og áður hefur komið fram. Það er notað til þess að eiga í samskiptum milli heimilis og skóla og halda utan um mætingar nemenda. Þar má sjá stundatöflu nemenda, árgangahópa og skilaboð frá skóla.

[Karellen](#) er kerfi sem er notað á leikskólastigi. Í kerfinu er haldið utan um alla mætingu nemenda, hægt er að skrá hvernig barnið borðar, sefur og einnig er hægt að senda þaðan foreldrum tölvupóst. Foreldrar geta skráð fjarveru og/eða veikindi fyrir barn sitt sem og sent starfsmönnum leikskólans tölvupóst. Það sem vekur yfirleitt mesta ánægju er að starfsmenn geta tekið myndir og merkt þá nemendur sem eru á myndinni og senda á þá foreldra sem um ræðir. Kerfið auðveldar og eflir allt foreldrasamstarf þar sem yfirsýn foreldra eykst til muna.

Samstarf skólastiga og við aðrar menntastofnanir

Samstarf leik- og grunnskólastigs er markvisst í samreklamum skóla. Í lögum og aðalnámskrá leik- og grunnskóla kemur fram að skylt sé að koma á samstarfi leik- og grunnskóla. Tilgangurinn er að auðvelda barni þá breytingu sem verður á lífi þess þegar það fer úr leikskóla yfir í grunnskóla og að sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verði grunnur fyrir námið í grunnskólanum.

Markmið samstarfsins er:

- að efla tengslin milli skólastiganna
- að skapa samfellu í námi og kennslu
- að koma til móts við þarfir nemenda og stuðla að markvissari uppbyggingu náms á mörkum skólastiga
- að auka gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á námi barna og starfsaðferðum hvors skólastigs
- að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að flytjast á milli skólastiganna

Í Reykholaskóla byrjar elsti árgangur leikskóla strax að hausti í *skólahóp*. *Skólahópur* er elsti árgangur leikskólabarna og 1. og 2. bekkur grunnskólans að jafnaði. Elsti árgangur leikskóla fær a.m.k tvær kennslustundir á viku í stundatöflu þar sem nemendur þjálfast í skólafærni, kynnst kennara og skólastarfi þar sem áhersla er lögð á læsi. Nemendur í 1. og 2. bekk koma í leikskólann a.m.k einu sinni í viku tengdu frístundastarfinu og taka þá þátt í starfi leikskólans. Nemendur leikskóla og yngstu nemendur grunnskóla eiga í góðu samstarfi á hverju skólaári. Þá er reynt að hafa reglulega samsöng yfir skólaárið þar sem nemendur leik- og grunnskóla syngja saman. Sameiginleg fullveldishátíð og árshátíð er haldin árlega í Reykholaskóla þvert á bæði skólastigin.

Á elsta stigi er byrjað að kynna nemendum fyrir þeim framhaldsskólum sem þeim stendur til boða að sækja um í, sérstaklega þeim skólum sem næst eru Reykhólum. Menntaskólinn á Ísafirði er heimaskóli Vestfjarða og heimsækja nemendur á elsta stig menntaskólann þriðja hvert ár. Á hverjum vetri kom aðilar frá M.Í með kynningu um skólann. Stefnt er á að skoða Menntaskólann í Borgarnesi, Fjölbrautaskólann á Akranesi og Fjölbrautarskólann á Norðurlandi

vestra á Sauðárkróki þriðja hvert ár.

Sérstök tilfærsluáætlun Reykhólaskóla er notuð fyrir þá nemendur sem þess þurfa þegar þau færast frá grunnskóla yfir á framhaldsskólastigs.

Samstarf við samstarfsskóla á Vesturlandi (Heiðarskóli, Auðarskóli, Grunnskóli Borgarness og Borgarfjarðar).

- Nemendur á miðstigi fara á Miðstigsleika í Borgarnesi með öðrum skólum á svæðinu.
- Nemendur á unglingastigi fara á Smiðjuhelgar með smærri skólum af Vesturlandi.
- Nemendur í 7. bekk og 9. bekk fara í skólabúðir með samstarfsskólunum.

Samstarf við grunnskólana í Strandabyggð og Dalabyggð

- Nemendur fara með þessum skólum í Háskólalestina og á ýmis námskeið.
- Kennarar og starfsfólk fara saman á fagnámskeið sem tengjast starfi.
- Stóra upplestrarkeppnin eru haldnar í samstarfi með grunnskólanum í Hólmavík og á Drangnesi. Fyrirhugað er starfsveturinn 2025-2026 að sameinast samstarfsskólum Vesturlands um Stóru upplestrarkeppnina.

Samstarf við grunnskóla á Vestfjörðum

- Nemendur á unglingastigi fara á Íþróttamót í Bolungarvík með nemendum frá flestum skólum á Vestfjörðum.

Stefnur og áætlanir

Á heimasíðu skólans eru birta [stefnur og áætlanir](#) skólans sem eru uppfærðar og í gildi. Aðrar stefnur eru í vinnslu og verða þær settar jafnóðum inn á heimasíðuna. Þá er starfsáætlun hvers skólaárs að finna á heimasíðu skólans.

Tómstundastarf

Í Reykhólahrepp er starfandi tómstundafulltrúi og sér hann um frístund fyrir nemendur í 1. - 4. bekk innan skólaaksturs og tómstundastarf fyrir nemendur í 5. - 10. bekk. Hægt er að nálgast upplýsingar um tómstundir fyrir grunnskólabörn í starfsáætlun grunnskóla og á heimasíðu skólans [hér](#).

Skólanámskráin var uppfærð skólaárið 2025-2026
síðast uppfært 10. nóvember 2025